



## 285. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund þriðjudaginn 25. september 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

**Mætt voru:** Lárus Á. Hannesson  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Helga Guðmundsdóttir varamaður, DS  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

### Dagskrá:

#### 1. Fundagerðir bæjarráðs.

##### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 488, dags. 09.08.2012.

Fundargerð framlögð.

##### Liður 2 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 20.08.2012 (152. fundur).

Fundargerð framlögð.

##### Liður 1 Reitarvegur 4, endurnýjun og stækkun á húsi.

Guðmundur Kr. Jónsson og Hróbjartur Árnason sækja um að a) Hækka og breyta þakformi hússins. b) Endurbyggja og stækka núverandi viðbyggingu við norðurhlið c) Reisa viðbyggingu við vesturhlið hússins fyrir anddyri og geymslu sbr. teikningar frá Jon Nordstein, dags. 27.06.2012 og 03.07.2012.

Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa við Reitarveg nr. 2, 4a og 6. Engar athugasemdir bárust. Umsögn frá Húsafriðunarnefnd liggur fyrir dags. 05.07.2012.

Erindi samþykkt.

##### Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

##### Liður 2 Reitarvegur 8, klæðning á húsi.

Gestur Hólm sækir um leyfi f.h. eigenda Reitarvegs nr. 8 að klæða austur og vesturgafla hússins með litaðri stálklæðningu sbr. bréf dags. 31.07.2012.

Erindi samþykkt.



**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tóku: LÁH og BA**

**Liður 3** Nesvegur 5, stöðuleyfi.

Atli Rúnar Sigurþórsson/Dekk og Smur ehf. Nesvegi 5 sækir um stöðuleyfi á 40 ft gámi fyrir geymslu á hjólbörðum, sbr. umsókn og bréf dags. 16.06.2012.

Samþykkt að veita stöðuleyfi að fenginni umsögn frá eldvarnareftirlitinu.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tók: LÁH**

**Liður 4** Reitarvegur, stöðuleyfi.

Björgvin Ragnarsson sækir um stöðuleyfi á þremur samliggjandi geymslu gámum við Reitarveg, sbr. umsókn og bréf dags. 26.06.2012.

Þar sem gámarnir standa á áður áætlaðu gámasvæði samkvæmt gamalli skipulagstillögu er stöðuleyfi veitt til eins árs.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tóku: LÁH,BA og GDP**

**Liður 5** Nesvegur 16, stöðuleyfi.

Alex Páll Ólafsson /Íslensk bláskel ehf. á 20 og 40 ft gámum í tengslum við vinnslu hjá fyrirtækinu, sbr. umsókn dags. 29.06.2012.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 6** Reitarvegur 14, stöðuleyfi á gámum.

Eggert Halldórsson sækir um f.h. Þórsnes ehf á stöðuleyfi fyrir 4 gáma 20 ft og 3 40 ft sem geymslur fyrir vélar og tæki tengd skelfiskvinnslu, sbr. tölvupóst dags. 2.07. 2012.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 7** Nesvegur 9-9a, stöðuleyfi.



Birgir Jónsson/Hillari ehf. sækir um að staðsetja tvo gáma við húsið fyrir geymslu á verkfærum og varahlutum og einnig er sótt um lóðarstækkun til að koma gámunum betur fyrir sbr. bréf dags. 12.07.2012.

Nefndin leggur til að lóðarstækkun verði hafnað þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu sbr. fyrri afgreiðslu nefndarinnar á beiðni um lóðarstækkun dags. 9.01.2012. Samþykkt að veita stöðuleyfi á gámum á lóðum til eins árs.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar situr hjá vegna tengsla undir liðnum um umsókn um lóðarstækkun.

#### **Til máls tók: GDP**

**Liður 9** Reitarvegur, stöðuleyfi.

Þróstur Ingi Auðunsson sækir um stöðuleyfi á 3 20 ft gámum fyrir geymslu á veiðarfærum sbr. umsókn dags. 15.08.2012.

Þar sem gámarnir standa á áður áætlaðu gámasvæði samkvæmt gamalli skipulagstillögu er stöðuleyfi veitt til eins árs.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 10.a** Nefndin leggur til að farið verði yfir hæðarkóta verslunar- og þjónustulóða við Aðalgötu í ljósi óeðlilegar hæðar á lóð Atlantslóu við Aðalgötu 35.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

#### **Til máls tóku: GDP,GS og LÁH**

**Liður 10.b** Nefndin óskar eftir að komið verði skilaboðum til þeirra er hafa stöðuleyfi fyrir gáma, að bæta útlit gámana og umgengni í kringum þá.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.** Byggingafulltrúa falið að koma ábendingum til þeirra sem hafa stöðuleyfi fyrir gáma. Bæjarráð leggur áherslu á að til stendur að deiliskipuleggja svæðið við Reitarveg á fyrri hluta ársins 2013.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

#### **Til máls tóku: GDP,GS og LÁH**

Fundargerð samþykkt.

**Liður 4 fundargerð skipulags-og byggingarnefndar, dags. 10.09.2012 (153. fundur).**



### Fundargerð framlögð.

#### **Liður 1** Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.

Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. lóðarhafa að stækka lóð sem nemur ræmu innan girðingar í suður, austur og norður sbr. uppdrátt og bréf dags. mars 2012. Ennfremur að rífa núverandi hús og steiptan vegg á lóð og byggja nýtt íbúðarhús og sbr. teikningar frá Varmamótum /Haraldi Valbergssyni B.F.Í., dags. 10.12.2011. Fyrir liggur neikvæð umsögn frá Húsafríðunarnefnd Ríkisins um niðurrif á húsi dags. 21.11. 2011, og 3 athugasemdir vegna grenndarkynningar sem fram fór 24. 10. 2011 til og með 25.11.2011. Lagðar fram hnitsettar mælingar af lóðum við Austurgötu 12, Ægisgötu 3 ásamt tillögu að lóðarstærð fyrir Ægisgötu 1.

Nefndin leggur til að svæðið verði deiliskipulagt og erindi um uppbyggingu á lóð ásamt niðurrifi og stækkun lóðar verði vísað í þá vinnu.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

#### **Til máls tók: LÁH**

#### **Liður 2** Ægisgata 11, viðbygging.

Sverrir Kristjánsson sækir um leyfi til að byggja viðbyggingu við rými sem kallað er bátaskýli samkvæmt teikningum eftir Lárus Pétursson dags. 1.09. 2012.

Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 9 og 13.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

#### **Liður 3** Arnarborg 19, frístundahús.

Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Skipavík leyfi til að byggja frístundahús við Arnarborg nr. 19, samkvæmt teikningum dags 1.02.2012. Stærð: 96,8 m<sup>2</sup>.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

#### **Liður 4** Melrakkaey og Fagurey Breiðafirði, skipting á jörðum.

Bæring Guðmundsson f.h. meðeigenda Litla eyjafélagsins ehf, óskar eftir sér landnúmerum fyrir hólma er tilheyra Melrakkaey og Fagurey, samkvæmt meðfylgjandi þinglýstum afsölum og bréfi dags. 10.09.2012.

Erindi samþykkt.

#### **Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



**Til máls tóku: GDP,GS,EE og LÁH**

**Liður 5** Nestún 16, leyfi fyrir geymsluskúr.

Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir sækir um að staðsetja geymsluskúr til bráðabirgða við bílaplan, sbr. bréf og afstöðumynd dags. 9.09.2012.

Erindi samþykkt.

**Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.**

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Til máls tóku: BA,LÁH og GS**

Fundargerð samþykkt.

**Liður 11 bréf Green in Blue ehf., dags. 10.09.2012 varðandi lóð að Hamraendum 4-6.**

Bæjarstjórn samþykkir að endurúthluta lóðinni að Hamraendum 4-6 til Green in Blue til eins árs, með þeim fyrirvörum sem fram komu í umsókninni.

**Til máls tóku: GDP,LÁH og GS**

**Liður 24 bréf Hafnarsambands Íslands, dags.14.08.2012 varðandi boðun 38. Hafnarsambandsþings í Vestmannaeyjum.**

Fulltrúar Stykkishólmshafnar á Hafnarþinginu verða: Gyða Steinsdóttir, Alex Páll Ólafsson og Hrannar Pétursson. Gyða Steinsdóttir fer með atkvæðarétt Stykkishólmshafnar á 38. Hafnarsambandsþinginu í Vestmannaeyjum.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 25 bréf Skáksambands Íslands, dags. 13.08.2012 varðandi styrk fyrir ólympíuskákmót 2012.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 26 bréf umhverfisráðuneytis, dags. 07.08.2012 varðandi samning umhverfisráðuneytis og Stykkishólmsbæjar um rekstur Náttúrustofu Vesturlands.**

Framlagt.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar er afar ósátt við breyttan samning Umhverfisráðuneytisins um rekstur Náttúrustofu Vesturlands. Með þessum samningi hækkar framlag Stykkishólmsbæjar um 80%. Bæjarstjórn óskar eftir viðræðum við Umhverfisráðuneytið um drög að breyttum samningi.



**Til máls tóku:LÁH,GS,GJÁ og GDP**

**Liður 27 lýsing svæðisskipulags og drög að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd.**

Lýsing svæðisskipulags og starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd samþykktar.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 28 tölvupóstur Q-félags hinsegin stúdenta dags. 30.8.2012 varðandi beiðni um styrk til bæklingagerðar.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 29 tölvupóstur Andra B. Arnþórssonar dags. 29.8.2012 varðandi styrktar og stuðningsbeiðni v. heimasíðugerðar.**

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 30 tölvupóstur Jóseps Ö. Blöndal dags. 25.8.2012 varðandi afmæli háls- og bakdeildar HVE í Stykkishólmi.**

Samþykkt að tilnefna Lárus Á. Hannesson í afmælisnefnd.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 31 sorpútboð 1.1.2013 Stykkishólmsbær.**

Samþykkt að fara í sorpútboð í umsjón Ríkiskaupa.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tók:GDP og ÞÖJ**

**Liður 32 bréf Umf.Snæfells varðandi fæðisstyrk.**

Bæjarráð samþykkir að styrkja Snæfell um fæði í Grunnskólanum í Stykkishólmi fyrir fjóra leikmenn meistaraflokka Snæfells í körfu. Davíð sat hjá vegna tengsla.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 33 stofnun samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, erindi frá fulltrúum aðildarsveitarfélaga.**

Samþykkt að fresta erindinu til næsta bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjórn samþykkir að gerast stofnaðili að samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og felur bæjarstjóra að fara með umboð Stykkishólmsbæjar á stofnfundi samtakana.



**Til máls tóku: LÁH,GS og GDP**

**Liður 34 bréf atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytis dags. 10.09.2012 varðandi auglýsingu umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013.**

Samþykkt að bæjarstjóri sækir um byggðakvóta fiskveiðiárið 2012/2013.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 37 drög að samningi við Vaktþjónustuna Vökustaur.**

Samningur framlagður og vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.

**Samningur framlagður og samþykktur með áorðnum breytingum. Bæjarstjóra er falið að ganga frá samningi.**

**Til máls tóku: GDP,GS og EE**

**Liður 38 mögulegt samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi.**

Samþykkt að vísa erindinu til næsta bæjarstjórnarfundar.

**Samþykkt að kanna mögulegt samstarf um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa á Snæfellsnesi. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.**

**Liður 40 reglur vegna tímabundinnar 50% lækkunar gatnagerðargjalda lóðanna:**

Laufásvegur 19,  
Hjallatangi 1,3,9,13,15,17,19,28  
Móholt 2,4,14,16  
Neskinn 3,5  
Sundabakki 2

Eftirfarandi gildir um ofantaldar lóðir:

1. Byggingarfrestur á lóð eða byggingarsvæði er 6 mánuðir frá úthlutun og skal þá miðað við þá dagsetningu þegar lóðarúthlutun er staðfest af bæjarstjórn.
2. Hafi lóðarhafi ekki lagt inn byggingarnefndarteikningar innan 4 mánaða frá lóðaúthlutun er bæjarstjórn heimilt að fella úthlutun lóðarinnar úr gildi þrátt fyrir að hafi verið handa við jarðvinnu á lóðinni.

Að öðru leiti vísast í reglur um úthlutun lóða fyrir íbúðar og atvinnuhúsnæði í Stykkishólmi.



## **Reglur samþykktar.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: GS og GDP**

**Liður 41 lóðir í Víkurhverfi.**

Samþykkt að taka lóðir í Víkurhverfi út af úthlutunarlista lóða.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 42 Súgandisey hönnun göngustíga, áningastaða og teikningar.**

Vísað til bærarstjórnar.

**Teikningar framlagðar og samþykkt að vísa þeim til umsagnar í hafnarstjórn og skipulags-og bygginganefnd.**

**Til máls tóku: LÁH og GDP**

**Liður 43 tilnefningar í nefndir.**

Í safna og menningarmálanefnd er tilnefnd varamaður Helga Björg Marteinsdóttir í stað Þorsteins Eypórssonar.

Í stjórn Tónlistarskólans er tilnefnd Eydís Bergmann Eypórsdóttir í stað Unnar Sigmarsdóttur.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 44 bókun vegna flutnings Dvalarheimilis yfir á Sjúkrahús.**

Þann 4.júlí sl. rituðu velferðarráðherra, Stykkishólmsbær og HVE undir viljayfirlýsingu um endurskipulagningu og innréttingu húseigna HVE í Stykkishólmi.

Í framlögðu Fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2013 verður efndum á þessari viljayfirlýsingu ekki fundinn staður svo augljóst sé. Stykkishólmsbær þarf að leita eftir skýringum hjá velferðarráðherra vegna þessa.

Guðlaug Ágústsdóttir  
Gretar D. Pálsson  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

**Til máls tóku: GS og GDP**

**Liður 45 tillaga vegna ástands gatna í Stykkishólmi.**

Bærarstjórn Stykkishólms samþykkir að láta gera úttekt á ástandi slitlags á götum Stykkishólmsbæjar, sérstaklega þarf að skoða skemmdir á steypu yfirborði Aðalgötu.





Jafnframt verði gerð viðhaldsáætlun og stefnt að því að leggja hana fram við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2013.

Guðlaug Ágústsdóttir

**Tillaga samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: GDP,LÁH og BA**

Fundargerð samþykkt.

## **2. Fundargerðir nefnda.**

- 2.1. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 27.08.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.

**Til máls tóku: GS,LÁH,ÍHS og GDP**

- 2.2. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 20.08.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.
- 2.3. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 10.09.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.09.2012.**  
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

## **3. Annað.**

- 3.1. Breytt framkvæmdáætlun 2012 og viðauki við fjárhagsáætlun 2012.**

Samþykkt að bæta við 2 milljónum króna vegna stígagerðar í Súgandisey. Samþykkt að framkvæmdáætlun 2012 verði kr. 48.502.613. Viðauki við fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar samþykktur, samkvæmt viðaukanum verður rekstarafgangur A- og B-hluta Stykkishólmsbæjar kr. 28.911.000.

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tók: GDP**

- 3.2. 6 mánaða bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar janúar-júní 2012.**  
Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir 6 mánaða bráðabirgðauppgjöri Stykkishólmsbæjar 2012.

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

285. fundur  
25. september 2012



**Fundi slitið kl. 18:50**  
**Þór Örn Jónsson**